


ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR
STAÐFESTUR AF SKIPULAGSSTOFNUN 19. 09. 2013

M. 1:15 000



ÞÉTTBÝLISUPPDRÁTTUR
EFTIR BREYTINGU

M. 1:15 000

GREINARGERÐ

Almennt/rökstuðningur

Mosfellsbær og Vegagerðin í sameiningu standa að gerð deiliskipulags í skilningi 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir Þingvallaveg í Mosfellsdal og næsta umhverfi hans.

Helstu framkvæmdir samkvæmt fyrirbyggjandi deiliskipulagstillögu er bygging hringtorga á Þingvallavegi, annars vegar við gatnamót Helgadalssvegar og hins vegar á milli Reykjahlíðarveggar og Æsustaðavegar. Auk þess eru gerð ný göng undir Þingvallaveg á mótis við Æsustaðaveg. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin muni leiða til þess að meðalhraðinn muni lækka og í kjölfarið verði hægt að fækka tengingum við Þingvallaveg á þessum vegarkafli. Ætla má að með lægri meðalhraða og færri veltengingum dragi úr slyshættu og hljóðmengun.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur því ákveðið að breyta Aðalskipulagi Mosfellsbæjar 2011-2030 sem samþykkt var í bæjarstjórn 26. 06. 2013.

Inntak breytingar

Reiðleiðir

- Reiðleið meðfram Þingvallavegi (sunnan vegar) frá Helgadalssvegi í austri vestur fyrir Suðurá í vestri er aflögð.
- Þrjár reiðleiðir sem liggja þvert á fyrrmefnda reiðleið meðfram Þingvallavegi tengjast því aðeins til suðurs, þ. e. reiðleið sem liggur í norðurhlíðum Æsustaðafjalls og meðfram Æsustaðavegi.

Tengingar við Þingvallaveg

- Veltenging sem skilgreind er til norðurs á mótis við tengingu frá Brávöllum er lögð af og umferð færð yfir á heimreiðina að Hrísbú.
- Tengingar Reykjahlíðarveggar, Æsustaðavegar og Mosfellsveggar við Þingvallaveg eru aflagðar.
- Nýjar tengingar til suðurs og norðurs við hringtorg á Þingvallavegi á milli Reykjahlíðarveggar og Æsustaðavegar.
- Ný göng undir Þingvallaveg á mótis við Æsustaðaveg.
- Skilgreind er tenging við Þingvallaveg frá Furuvöllum.
- Tenging til norðurs á mótis við tenginguna við Roðamóa felld niður og ný tenging skilgreind austur, þ. e. í vegarstæði heimreiðarinnar að Lundi.

Annað

- Göng undir Þingvallaveg nærri Suðurá eru skilgreind á aðalskipulagsuppdrætti.

Áhrifamat

Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á samgöngur eru metin jákvæð. Tengingum inn á Þingvallaveg mun fækka og meðalhraði á veginum lækka. Ætla má að með lægri meðalhraða og færri veltengingum verði umferðaröryggi aukid og dregid úr slyshættu og umferðarhávaða. Skilgreind eru göng undir Þingvallaveg við Suðurá og nærri gatnamótum Þingvallavegar og Helgadalssvegar svo og á mótis við Æsustaðaveg. Göngin stuðla að auknu umferðaröryggi þar sem um þau fer mikil umferð gangandi og hjólandi. Um undirgöngin við Suðurá og Helgadalssveg fer auk þess mikil umferð hestamanna.

Við óbreytt ástand mun ekki draga úr hraðakstri og slyshættu og umferðarhávaði verða viðvarandi.


Áhrif aðalskipulagsbreytingarinnar á aðra umhverfisþætti er metin óveruleg.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í bæjarstjórn þann 14. nóvember 2016

[Signature] Mosfellsbær

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann 4. feb. 2019

[Signature] *[Signature]*



AÐALSKIPULAG MOSFELLSBÆJAR 2011-2030
HLUTI ÚR ÞÉTTBÝLISUPPDRÆTTI (ekki í kvarða)

LANDNOTKUN:

- lb ÍBÚDARSVÆDI
- S SVÆDI FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR
- M MIDSVÆDI
- V VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆDI
- A ATHAFNASVÆDI
- O OPIN SVÆDI TIL SÉRSTAKRA NOTA
- OR FLUGVÖLLUR
- OI ÍPÓTTASVÆDI
- OH HESTHÚSASVÆDI
- OU ÚTIVISTARSVÆDI
- Og SKÓLAGARÐAR
- Og GOLFVÖLLUR
- OK KIRKJUGARÐUR
- OK SKÓGRÆKT
- Ogh GARDHÚSASVÆDI
- Ó ÓBYGGD SVÆDI
- VÖTN, ÁR OG SJÓR
- BLÖNDUD LANDNOTKUN
- lb STÓK EINBÝLISHÚS
- F STÓK FRISTUNDAHÚS

SAMGÖNGUR

- STOFNBRAUT
- TENGIBRAUT
- ADRIK VEGIR (Til skýringar)
- MISLÆG VEGAMÓT
- GÖNGUBRÚ/UNDIRGÖNG
- ADALSTÍGAR
- ADALÚTIVISTARSTÍGAR
- REIDSTÍGAR

VERNDARSVÆDI

- NÁTTÚRUVERNDARSVÆDI -FRÍDLYST SVÆDI
- SVÆDI Á NÁTTÚRUMINJASKRÁ
- HVERFISVERNDARSVÆDI

ANNAD

- MÖRK ÞÉTTBÝLIS

TEIKNISTOFA ARKITEKTA GYLFI GUÐJÓNSSON OG FÉLAGAR ehf. arkitektar faí. VEGMÚLA 2 SÍMI: 552-8740 NETFANG:	MOSFELLSBÆR ÞINGVALLAVEGUR - MOSFELLSDAL		VERK 16-370
	AÐALSKIPULAGSBREYTING APRÍL 2018		BLAD 001
HANNAÐ gy KVARDI 1:15000	TEIKNAD gy	REYKJAVÍK 2016-11-23 BREYTT 2016-12-16 2017-07-07 2018-04-10 2018-11-19	